

# Skólaráð Myllubakkaskóla

11. október 2017

Mættir: Bryndís (skólastjóri), Svanhildur (ritari og fulltrúi kennara), Unnur (fulltrúi kennara), Stefán (fulltrúi starfsmanna), Hjörleifur (fulltrúi foreldra), Lovísa (fulltrúi foreldra) Helga Rut (fulltrúi nemenda) og Julia (fulltrúi nemenda). Hrafnhildur (fulltrúi grenndarsamfélags) boðaði forföll.

1. Bryndís sýndi skemmtilegt myndband sem úskýrir hlutverk skólaráðs og er ætlað nemendum. Svo ræddi hún við fulltrúa nemenda

2. Rætt um sjálfsmatsskýrslu skólans sem er unnin m.a. úr niðurstöðum Skólapúlsins. Þar kemur fram að líðan stúlkna í skólanum er ekki nógu góð. Rætt var um hvernig er hægt að bregðast við því. Bryndís kynnti að til stæði að finna lausnir á því með hópavinnu starfsmanna. Hjörleifur stakk upp á að foreldrafélagið kæmi að málinu. Einnig var rætt að það eru færri börn sem æfa íþróttir í Myllubakkaskóla og hvernig við getum brugðist við því.

3. Rætt var um starfsáætlun skólans og var hún undirrituð. Í áætluninni er búið að uppfæra skólareglurnar. Starfsáætlunin verður birt á heimasíðu skólans.

4. Bryndís sagði frá nýjum verkferlum varðandi ófullnægjandi skólasókn. Þetta hefur verið samræmt fyrir alla skóla bæjarins.

5. Foreldrafélag skólans er elsta foreldrafélag bæjarins og á 40 ára afmæli.

6. Rætt um þemadaga sem verða í nóvember.

Fleira ekki gert og fundi slitið.

Fundargerð ritaði Svanhildur Skúladóttir